

Ed.

64. Frumvarp til laga

[59. mál]

um launajöfnuð kvenna og karla.

Flm.: Jón Þorsteinsson, Eggert G. Þorsteinsson, Friðjón Skarphéðinsson.

1. gr.

Á árunum 1962—1967 skulu laun kvenna hækka til jafns við laun karla fyrir sömu störf í eftirfarandi starfsgreinum: almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og verzlunar- og skrifstofuvinnu.

2. gr.

Hinn 1. jan. 1962 skulu laun kvenna í starfsgreinum skv. 1. gr. hækka um $\frac{1}{6}$ hluta launamismunarins og síðan árlega hinn 1. jan. ár hvert fram til 1967 hækka sem nemur launamismuninum, eins og hann er í upphafi hvers árs, deildum með fjölda þeirra hækkana, sem eftir er að veita hverju sinni. Fullum launajöfnuði skal náð 1. jan. 1967.

3. gr.

Hin árlega launahækkun skal ákveðin af þriggja manna nefnd — launajafnaðar-nefnd — einum skipuðum af félagsdómi og er hann formaður nefndarinnar, öðrum

skipuðum af Alþýðusambandi Íslands og hinum þriðja skipuðum af Vinnuveitenda-sambandi Íslands. Sömu aðilar skipa hver um sig einn mann til vara. Skipunar-tími nefndarinnar er þrjú ár í senn. Ákvarðanir nefndarinnar eru fullnaðarákvarð-anir og verða ekki bornar undir dómstóla. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum í nefndinni. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Stéttarfélög þau, er semja um kaup og kjör fyrir konur í starfsgreinum skv. 1. gr., skulu í nóvembermánuði ár hvert, í fyrsta sinn 1961, sækja um launahækkunir til nefndarinnar og láta fylgja með eintök af viðkomandi kjarasamningum. Tekur nefndin síðan ákvörðun um launahækkun í samræmi við ákvæði 1. og 2. gr. og birtir hana.

Stéttarfélögum er heimilt í stað þess að láta launajafnaðarnefnd ákvarða launa-hækkun að semja um hækkunina við vinnuveitendur, enda staðfesti nefndin slíka samninga.

5. gr.

Lög þessi skerða ekki á nokkurn hátt rétt stéttarfélaganna til að semja um það við vinnuveitendur, að launajöfnuði skuli náð á skemmri tíma en löggin mæla fyrir um.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Baráttan fyrir jöfnum launum kvenna og karla er ekki einvörðungu kjara-barátta af hálfu kvenna, heldur engu að síður barátta fyrir fullkomlega jöfnum mannréttindum. Þegar endanlegur sigur hefur unnizt í þessari baráttu, er jafn-réttisbaráttunni lokið, því að á öðrum sviðum mannréttinda hafa konur fyrir löngu öðlast sama rétt og karlar.

Ástæðurnar fyrir mismun á launum karla og kvenna eru oftast taldar þær, að karlmenn búi yfir meira líkamlegu atgervi en konur og séu hæfari og afkasta-meiri til flestra starfa heldur en þær og þeim beri því hærra kaup. Þetta eru þó ekki sterk rök, þegar málið er athugað nánar. Í fyrsta lagi er þess að gæta, að sérlega erfið störf, sem karlmenn einir vinna, eru yfirleitt greidd með hærra kaupi en almennu karlmannakaupi í viðkomandi starfsgrein. Á því síður að vera því nokkuð til fyrirstöðu, að konur fái sama kaup og karlar í almennri vinnu. Í öðru lagi er vitað, að ýmis störf henta konum ýmist jafnvel eða betur en karlmönnum, en samt fá þær lægra kaup fyrir þau. Í þriðja lagi er launamismunurinn meiri en svo, að hann verði réttlættur með mismun á afköstum og hæfni. Í heild mun afkastamismunur karla og kvenna við sömu störf vera minni en innbyrðis afkasta-mismunur milli einstaklinga af sama kyni, sem hafa þó allir sömu laun, nema í þeim undantekningartilfellum, þegar um ákvæðisvinnu er að ræða. Rökin fyrir launamismun hafa því ekki við mikið að styðjast.

Sterkustu rökin fyrir launajafnrétti eru þau, að það er jafnkostnaðarsamt fyrir konur sem karla að lifa í þessu landi. Konur geta ekki búið við sömu lífskjör og karlar nema hafa sömu laun. Þær njóta engra lögbundinna forrættinda um útgjöld eða framfærslu.

Með þessu frumvarpi er stefnt að því, að lágmarkslaun kvenna og karla fyrir sömu störf verði hin sömu. Launajafnréttið er viðurkennt við opinber störf, þótt misbrestur sé talinn vera á í framkvæmd. En úr því að launajöfnuður er viður-kenndur við hin æðri embætti og önnur vel launuð störf, hversu miklu ríkari ástæður eru þá ekki fyrir hendi til þess að viðurkenna launajöfnuð við lægst launuðu

störfin í Þjóðfélaginu, en það eru einmitt þau störf, sem þetta frumvarp nær fyrst og fremst til.

Svo sem kunnugt er, hefur Ísland fullgilt hina svonefndu jafnlaunasamþykkt Alþjóðavinnuáskrifstofunnar. Samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar á hvert aðildarríki að stuðla að því, að reglan um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf taki til alls starfsfólks. Samþykktin er öllu fremur almenn stefnuýfirlýsing en að hún leggi aðildarríkjunum beinar skyldur á herðar. Hún nær líka skammt að því leyti, að hún miðar einvörðungu að launajöfnuði fyrir jafnverðmæt störf. Launajöfnuður á þeim grundvelli einum yrði ófullkominn og mjög örðugur í framkvæmd, þar sem sífellt þyrfti að framkvæma mat á verðmæti hinna margbreytilegustu starfa, sem konur og karlar inna af höndum. Væru slíkar matsgerðir án efa mikið vandaverk og líklegt, að um gildi þeirra og áreiðanleik risu miklar deilur. Þetta frumvarp grundvallast því á reglunni um sömu laun fyrir sams konar störf, en hafnar að leysa málið á hinum flókna og ófullnægjandi grundvelli reglunnar um sömu laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Á Alþingi því, er sat veturinn 1957—58, var samþykkt þingsályktunartillaga um launajafnréttismálið. Ályktaði Alþingi að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að athuga, að hve miklu leyti konum og körlum séu raunverulega greidd sömu laun fyrir jafnverðmæta vinnu. Enn fremur skyldi nefndin gera tillögur um ráðstafanir til að tryggja fullkomið launajafnrétti. Á grundvelli þessarar tillögu var svo nefndin skipuð af þáverandi félagsmálaráðherra, Hannibal Valdimarssyni. Síðan hefur verið hljótt um þessa nefnd, og er þó ærið langur tími liðinn, síðan hún tók til starfa. Mun nefndin eitthvað hafa kannað launagreiðslur, en hins vegar engar tillögur gert um, hvernig tryggja ætti fullkomið launajafnrétti, og þeirra ekki að vænta á næstunni, svo að vitað sé. En það er einmitt þetta verkefni, sem nefndin hefur vanrækt, sem leyst er með þessu lagafrumvarpi. Markmið frumvarpsins er að tryggja fullt launajafnrétti, og það er gert með því, eins og frumvarpið ber með sér, að lögbjóða árlega hækkun á launum kvenna í öllum fjölmennustu atvinnugreinum þjóðarinnar á næstu sex árum, unz fullum launajöfnuði verði náð 1. jan. 1967.

Það má telja augljóst mál, að launajöfnuður verði ekki tryggður á annan hátt hér á landi en með löggjöf. Sú leið að leysa þetta með frjálsum samningum verkalyðsfélaga og vinnuveitenda er naumast fyrir hendi. Kemur það til af því, að verkakvennafélögin hafa ekki bolmagn til að knýja fram kröfuna um launajafnrétti. Á það m. a. rætur sínar að rekja til þess, að konur geta ekki sinnt málefnum stéttarfélags síns á sama hátt og karlar, þar sem þær eru svo bundnar við húsmóðurstörf og önnur heimaverkefni. Konurnar hafa líka minni áhuga á kjaramálum en karlar, þar sem þær reikna flestar með að taka ekki þátt í atvinnulífinu nema um nokkurra ára skeið, en að því loknu helga sig algerlega húsmóðurstörfunum. Hér við bætist svo það, að heildarsamtök verkalyðsins hér á landi fara ekki með samningsrétt fyrir meðlimi sína, heldur er það hvert og eitt verkalyðsfélag. Þetta fyrirkomulag á sinn þátt í því að torvelda það, að unnt sé að leysa launajafnréttismálið með samningum. Lausn á þessu máli verður því ekki komið fram á annan veg en með lagasetningu, enda er það sú aðferð, sem mest er lagt upp úr í jafnlaunasamþykkt Alþjóðavinnuáskrifstofunnar.

Frumvarp þetta nær til allra þeirra starfa, sem almennast er að konur vinni við hlið karla. Sjálfsagt mætti við nánari athugun tína til einhverjar fámennar starfsgreinar, sem frumvarp þetta tekur ekki til. Kynnu menn þá að spyrja, hvort konur í þeim starfsgreinum ættu ekki einnig rétt á launajöfnuði. Vissulega ætti það svo að vera. Þessu er þó sleppt í frumvarpinu til að gera lögin ekki of erfið í framkvæmd og flókin, enda mundi frumvarpið, ef að lögum yrði, að sjálfsögðu bæta mjög samningsaðstöðu allra kvenna, hvort sem þær vinna störf sín yfirleitt við hlið karla eða ekki, eða með öðrum orðum hvort sem taxi er til fyrir hlið-

stæð störf karlmanna eða ekki. Löginn mundu því í reynd hafa áhrif í launajafnréttisátt fyrir allar konur, enda er það einn megintilgangur frumvarpsins.

Á því er ekki vafi, að það er farsælast fyrir alla aðila, að launajöfnuðurinn nái fram að ganga smátt og smátt á nokkrum árum. Hversu mörg ár það eigi að vera, getur verið mikið matsatriði. Í Svíþjóð hafa t. d. nýlega tekizt heildarsamningar milli verkafélagsmanna og vinnuveitenda um, að launajöfnuður skuli ganga í gildi á næstu fimm árum. Hér er lagt til, að það verði á næstu sex árum. Væri fullur launajöfnuður lögboðinn þegar í stað í einum áfanga, mundi það geta valdið mjög mikilli röskun í atvinnulífinu. Afleiðingin af því gæti orðið atvinnuleysi meðal kvenna. Eðlilegast er, að atvinnuvegirnir fái nokkurt ráðrúm til að samlagast hinum nýju viðhorfum í kjaramálum kvenna. Til þess ættu sex ár að vera nægur tími.

Ef frumvarp þetta yrði lögfest, væri sigur unninn í hagsmuna- og réttlætismáli. Ávinningurinn félli þó ekki einvörðungu í skaut hinum fjölmenna hópi kvenna, sem stundar störf utan heimilis. Það yrði einnig ávinningur fyrir þjóðina í heild að fá stærri hóp kvenna til að taka þátt í framleiðslu- og uppbyggingarstörfum. Slíkt er nauðsyn fyrir fámenna þjóð í víðáttumiklu landi, þar sem mörg verkefni biða óleyst.

Um 1. gr.

Þær starfsgreinar, sem hér eru taldar, ná fyrst og fremst yfir þau störf, sem kaupgjald er greitt fyrir skv. kjarasamningum verkakvennafélaganna, féлага verksmiðjufólks og verzlunarmannafélaganna. Greinin mundi einnig ná til svonefndra millitaxta, og ættu þeir að hækka jafnoft og hinir almennu taxtar.

Um 2. gr.

Launamismunur í almennri verkamannavinnu og almennri verkakvennavinnu er nú kr. 4.53 á klst. Að óbreyttum samningum ættu laun kvenna að hækka samkvæmt þessari grein um 76 aura á klst. hinn 1. jan. 1962. Væri launamismunurinn 1. jan. 1965 t. d. kr. 2.40, ættu laun kvenna að hækka þann dag um 80 aura á klst. Sama gildir að sjálfsögðu um vikukaup og mánaðarkaup.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Eðlilegast þykir að láta launajafnaðarnefnd veita stéttarfélögum kaupgjaldshækkunina fyrir konur að undangenginni umsókn, þar sem viðkomandi kjarasamningur fylgi með. Að öðrum kosti væri ógerlegt fyrir nefndina að henda reiður á því, hvar réttur til kauphækkana væri fyrir hendi. Mundi Alþýðusambandið að sjálfsögðu geta aðstoðað stéttarfélögin við að koma umsóknunum á framfæri. — Verkalýðsfélögunum er heimilað að semja um þessa sérstöku kauphækkun við vinnuveitendur í stað þess að láta launajafnaðarnefnd ákvarða hana. Væri oft hægðarauki að slíkri heimild fyrir báða aðila, svo sem t. d. þegar gerð nýrra kjarasamninga stendur yfir síðari hluta árs, skömmu áður en hækkun til launajafnaðar skal veita. Þessa samninga verður nefndin að staðfesta, til þess að tryggj sé, að hækkunin samkvæmt samningi sé eigi lægri en frumvarpið mælir fyrir um.

Um 5. gr.

Ákvæðið er sett til að fyrirbyggja allan hugsanlegan misskilning í þessu efni.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.